

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Kolviðarholtsmýri 1, lnr. 223689, 7 sumarhús og 2 skemmur.*

Skipulagið nær yfir 14,9 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir sjö frístundalóðum og tveimur skemmum. Að jafnaði skulu frístundahús ekki vera stærri en 120 m<sup>2</sup> og hámarkshæð mænis 5,5 m frá gólfhæð. Hámarksstærð skemma er annars vegar 100 m<sup>2</sup> og hins vegar 200 m<sup>2</sup> og hámarkshæð mænis í stærri skemmunni má vera 7 m frá gólfhæð en að öðru leyti gilda sömu skilmálar og um aðrar byggingar á svæðinu. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,3. Samþykkt í sveitarstjórn 5. janúar 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 15. febrúar 2017.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2017